# Námsáætlun fyrir textílmennt- 6. bekkur

Kennsla: Árgangurinn skiptist í 4 smiðjur og mætir hver hópu tvisvar í viku í 80 mínútur í senn í hverja smiðju.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | • beita grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar<br>• fjalla um efnisfræði og vinna úr fjölbreyttum textílefnum | Nemendur vinna áfram á saumavélar.<br>Nemendur læra að taka upp snið og sauma eftir því. | Mat tekur tillit til virkni og vinnusemi í tímum.<br>Vinnubrögð og handbragð metið.<br>Að mestu er stuðst við símat, þ.e. kennarinn metur nemandann eftir hvern tíma. |
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | • þróa eigin hugmyndir í textílverk og vinna eftir ferli<br>• nota fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla<br>• útskýra hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjalla um fagurfræði í eigin verkum<br>• nýta helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu | Nemendur fá tækifæri til að útfæra sínar hugmyndir með ýmsum aðferðum.<br>Nemendur skoða bækur og veraldarvefinn til að fá hugmyndir að skreytingum og aðferðum. | |
| **Menning og umhverfi** | • fjalla um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni<br>• gera grein fyrir helstu eiginleikum náttúruefna og gerviefna<br>• gera grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum | Nemendur læra um mismunandi textílefni, uppruna þeirra og notagildi. | |

| |
|---|
| **Námsgögn:**<br>Unnið er með námsefni frá Námsgagnastofnun, ýmsar bækur og hugmyndir nýttar af veraldarvefnum. |
| **Lokanámsmat:**<br>Einkunn gefin í bókstöfum A, B+, B, C+, C, D. |